

Hve lengi ætla ríkisstjórnin að hindra lausn verkfallsins

Ríkisstjórnin hefur það á valdi sínu að leysa vinnudeiluna fljótt og á þann hátt, að verkalýðurinn fái hinar sanngjörnu og hóflegu kröfur sínar uppfylltar.

Herkostnaðurinn, sem ríkisstjórnin fórnar í hinu vonlausa stríði gegn verkalýðshreyfingunni, nemur 3—4 milljónum króna á dag.

Framkoma ríkisstjórnarinnar í sambandi við vinnudeilurnar er með þeim hætti, að einsdæmi mun vera um nokkra ríkisstjórn í svo alvarlegu máli. Samkvæmt bréfum þeim, sem hún hefur verið að senda samninganefnd verkalýðsfélaganna undanfarið, lítur helzt út fyrir, að hún hafi ekki haft hugmynd um, að verkföll væru í aðsigi fyrir en daginn, sem þau skulu á. Þá loks dettur henni í hug að biðja um frestun þeirra, meðan fram fari rannsókn á fjárhagsafkomu ríkissjóðs og greiðslugetu atvinnuveganna. Lítur því út fyrir, að hún hafi heldur ekki haft hugmynd um ástandið í þessum efnunum, sem þó á að vera eitt aðalverkefni hennar.

Þessari beiðni ríkisstjórnarinnar gátu verkalýðsfélögin ekki sinnt, enda augljóst, að tilgangurinn með henni var sá einn, að fá allt dregið á langinn um óákveðinn tíma. Það kom glöggst fram í útvarpsmæðunum, hver afstaða ríkisstjórnarinnar til vinnudeilnanna raunverulega er. Í

stað þess að leggja eitthvað raunhæft til deilunnar staðhæfðu sumir af ráðherrunum, að ríkisstjórnin gæti ekkert afhafst í málinu, þar sem deilan væri einkamál atvinnurekenda og verkamanna, en spiluðu þess á milli gömlu plötuna um, að atvinnuvegirinn þyldu ekki herra kaup, og að ofhátt kaupgjald væri orsök til hinnar slæmu fjárhagsafkomu þeirra. Er það sennilega einsdæmi, að ríkisstjórn leyfi sér slíka léttúð sem þá, að segja að sér komi verkföll, sem stöðva svo að segja allt atvinnulíf landsins, ekkert við, og að hún geti og vilji ekkert leggja fram til að binda enda á þau.

Það er rétt, að atvinnuvegirinn eru illa á vegi staddir. En ástæðan til þess er ekki sú, að verkafólk hafi of hátt kaup, heldur hitt, að ríkisvaldið, og þær forréttindaklíkur og félög, sem hún hefur velpóknun á, fá að féfletta atvinnuvegina miskunnarlaust. Bankarnir taka af þeim nokkra milljónatugi árlega með vaxtaokri, vá-

tryggingarfélagin taka af þeim milljónatugi, skipafélögin taka af þeim milljónir eða milljónatugi með óhóflegum farmgjöldum, Eimskip græddi t.d. 12 milljónir á síðasta ári. Olúfélagin taka af þeim tugi milljóna í hreinan gróða, heilðsalarnir og aðrir óþarfir milliliðir taka af þeim stórfé með okri á rekstrarvörum, og síðast en ekki sízt tekur ríkissjóður af þeim milljónatugi árlega.

Ef ríkisstjórnin vildi létta einhverju, helzt öllu þessu okri af atvinnuvegunum, er enginn efi á því, að þeir gætu borgað það kaup, sem nú er farið fram á og sjálfsagt miklu herra. En það er ríkisstjórnin ein og meirihluti hennar á Alþingi, og enginn annar aðili, sem hefur vald og aðstöðu til að binda enda á þetta gífurlega rán, sem atvinnuvegirinn verða að þola.

Ríkisstjórnin á sér enga afsökun á því að halda að sér höndum í þessu stórmáli. Henni ber skylda til að leysa verkföllin tafarlaust og á þann hátt, að launþegar megi vel við lausnina una. Þverskallist hún við þeirri skyldu sinni, ber henni að segja af sér.

FÁEIN ORÐ TIL „SIGLFIRÐINGS“

Síðasti Siglfirðingur spyr, hvaða hagsmunamálum Siglufjarðar Áki Jakobsson hafi komið fram á þeim þingum, sem hann hafi setið.

Það er furðulegt, að menn sem spyrja svona fávíslega skuli fást við að skrifa í opinber blöð. Reyndar er játað á sömu síðu en í öðrum dálki, að Áki hafi verið „all-ötull fyrir kjördæmi sitt og orðið því að liði á ýmsan hátt.“ Hefur sennilega rifjast upp fyrir skrifnum blaðsins, að Áki hafi komið nokkuð við sögu ýmissa mestu hagsmunamála bæjarins, svo sem byggingu S.R. 46, stækun Rauðku, byggingu tunnukerksmiðjunnar, — herzlustöðvarmálið, niðursuðuverksmiðjumálið o.fl. Hitt er auðvitað ekki Áka að kenna, þótt síðarleysið hafi valdið því að sum þessara mála hafi ekki orðið bænum að jafnmiklu liði og til var ætlast, eða að íhaldið hefur komið sumum þeirra fyrir kattarnef, t.d. herzlustöðvarmálinu.

Þá spyr blaðið, hvaða mál Áki hafi flutt á þingi því, er

Minningarathöfn um Hafliða Guðmundsson, hreppstjóra

2. þ.m. fór fram hér í bænum minningarathöfn um Hafliða Guðmundsson fyrrum hreppstjóra Siglfirðinga, í til efni af aldarafmæli hans þann dag. Hófst athöfnin í kirkju-garðinum við leiði Hafliða. Þar flutti Þ. Ragnar Jónasson, settur bæjarstjóri, ræðu og lagði á leiðið blómsveig frá bæjarstjórn Siglufjarðar, og kirkjukórinn söng undir stjórn Páls-Erlendssonar. Þaðan var gengið að Hafliðahúsinu svonefnda (Norðurgötu 1) og fór síðari þáttur athafnarinnar fram þar við minnisvarðann, sem norskir vinir Hafliða reistu honum þar. Þar söng karlakórinn Vísir undir stjórn Hauks Guðlaugssonar og Einar Ingimundarson bæjarfógeti hélt ræðu, en Andrés Hafliðason þakkaði fyrir hönd ættingja Hafliða.

Hafliði Guðmundsson fæddist í Reykjavík 2. des. 1852, kom hingað til Siglufjarðar 25 ára gamall og átti hér heima síðan.

Hann var hreppstjóri Hvanneyrarhrepps í 23 ár og oddviti í 20 ár. Var hann vinsæll maður og naut hinnar mestu virðingar hér. Hann kvæntist 1880 Sigríði Pálsdóttur og lifðu þau í farsælu hjónabandi unz Hafliði lézt 12. apríl 1917. Stjórnandi hún hinu stóra heimili þeirra með hinni mestu rausn og höfðingjabrag. Þau hjón eignuðust sex börn, og eru tvö þeirra á lífi. Ennfremur ólu þau upp 3 fósturbörn, sem öll eru látin.

Skólum, verzlunum og skrifstofum í bænum var lokað meðan á athöfninni stóð.

Börn, barnabörn og tengdabörn Hafliða hafa í tilefni af afmælinu gefið Siglufjarðarkirkju 10 þúsund krónur, er varið skal til kaupa á hátíðamessuhökli fyrir kirkjuna.

Frumkýningin bar vitni um örugga og smekkvísa leikstjórn og góða þjálfun. Minnist ég þess ekki að hafa séð siglfirðingan leikflokki betur æfðan.

Hlutverk og leikendur eru: Harry Wilkins, dómari, Þórarinn Hjálmarsson, Kona hans, Edít, Sigurbjörg G. Hólm, Rut gjafvaxta dóttir þeirra, Halldóra Jónsdóttir, Mirjam, yngri dóttir þeirra, Stella Margrét Sigurjónsdóttir, Seawright fluglíðsforingi, Júlíus Júlíusson, Albert Kummer, Eiríkur J. B. Eiríksson, Charlie Vincent, undirforingi, Hörður Óskarsson, Martha Seawright unnusta hans, Elisabet Jónsdóttir, Dóra, svört þerna, Soffía Jóhannsdóttir, Klotbermeyer, Þórður Jónsson.

Leiktjóldin eru máluð af Guðvarði Jónssyni. Eru þau vel og smekklega gerð. Leiknvar ágætlega tekið. Var leikstjórnin, frk. Hólmfríður Pálsdóttir, klöppuð fram á sviðið í leiklok. Ávarpaði bæjarstjóri hana og þakkaði henni og leikendum fyrir skemmtilega sýningu, en Þórarinn Hjálmarsson ávarpaði hana síðan fyrir hönd leikenda og þakkaði henni góða tilsögn og skemmtilegt samstarf. B.

„MJÖLNIR“

kemur út í síðari hluta næstu viku.

Þingmenn íhalds og Framsóknar fella tillögur Áka Jakobssonar um fjárframlög til sjúkrahúsbyggingar og hafnargerðar í Siglufirði.

Við umræðurnar um fjárlög-in flutti Áki Jakobsson tillögu um nýjan lið á 12. grein: 150 þúsund kr. framlag til byggingar sjúkrahússins á Siglufirði. Þingmenn íhaldsins og Framsóknar feldu þessa tillögu við 2. umræðu fjárlaganna.

Þá flutti Áki einnig tillögu um hækkun framlags til hafnarinnar hér, úr 150 þúsundum í 300 þúsund. Einnig þá tillögu drap íhaldið með aðstoð Framsóknar.

Ennfremur flutti Áki tillögu um nýjan lið á 15. grein: Til

rannsóknar á göngum síldarinnar í hafinu umhverfis landið og til síldarleitar: 500 þúsund krónur. Íhaldið og Framsókn drápu þá tillögu eins og hinar.

Vinnan og verkalýðurinn

4. tbl. er nýkomið út. Ritið er fjölbreytt að efni og vandad að frágangi eins og venjulega.

Útsölumaður er Einar M. Albertsson.